



## Staða skógarauðlindarinnar og þróun ÍSÚ til framtíðar

Helena Marta Stefánsdóttir og Björn Traustason

### Land og skógur

Íslensk skógarúttekt (ÍSÚ) er nú að hefja sinn fimmta úttektarhring í ræktuðum skógum og þann þriðja í náttúrulegum birkiskógum. Íslensk skógarúttekt hófst árið 2005 með það meginmarkmið að afla upplýsinga um stöðu skógarauðlindarinnar, kortleggja útbreiðslu skóga, meta uppsöfnun kolefnisforða, ástand og stöðu auðlindarinnar á landsvísu. Á þessum tíma, frá 2005-2024, hafa kröfur um skil á gögnum til ýmissa aðila, hérlendis og erlendis, aukist jafnt og þétt og hefur úttektin þróast og tekið mið af þeim auknu kröfum í tímans rás.

Í komandi úttektarhring verður notast við hefðbundnar mæliaðferðir, en einnig verður litið til þess að þróa skógarúttektina í þá átt að auka sjálfvirkni mælinga og skilvirkni. Þær aðferðir sem litið er til eru meðal annars drónar, gervigreind, fjarkönnun og nýlegar lausnir í smáforritum. Aukin áhersla verður lögð á að safna ítarlegri gögnum um jarðveg og líffjölbreytni innan skógarvistkerfanna.

Í framtíðaráformum ÍSÚ verður einnig lögð aukin áhersla á birtingu niðurstaðna skógarúttektarinnar á formi sem almenningur skilur og hefur greiðan aðgang að. Með þessu viljum við auka meðvitund landsmanna um mikilvægi skóga og áframhaldandi uppbyggingu þeirra hér á landi.

Flatarmál ræktaðra skóga er í dag 57.000 hektarar og náttúrulegs birkis 156.000 hektarar. Alls er því flatarmál skóglendis 213.000 hektarar. Einungis um 16% af nýtanlegum efnivið í skógum landsins eru nýtt í dag og auðlindin því mjög vannýtt.

Samkvæmt núverandi aðgerðum stjórnvalda á að auka skógrækt umtalsvert til ársins 2030 og skiptir það höfuðmáli í þróun og stöðu auðlindarinnar til framtíðar. Í spám til ársins 2055 er gert ráð fyrir að stuðningurinn haldi áfram og það skiptir miklu máli að halda því áfram. Landeigendur þurfa að vera áfram viljugir til að leggja land til skógræktaraðgerða, en ríkið þarf að gefa gott for-dæmi og auka hlut sinn í aðgerðum innan ríkisjarða.

